



Öldrunar- og heimaþjónusta Garðabæjar

Bæjarráð Garðabæjar

Garðabær 6. maí 2016

Varðandi: Drög að stefnu um málefni eldri borgara

Meðfylgjandi eru drög að stefnu um málefni eldri borgara. Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 16. apríl 2015 var samþykkt að fela nefnd um málefni eldri borgara að semja drög að stefnu í málefnum eldri borgara í samvinnu við fjölskylduráð. Eftirfarandi aðilar hafa leitt vinnu við gerð stefnunnar auk framkvæmdastjóra öldrunar- og heimaþjónustu:

Ástbjörn Egilsson, formaður nefndar um málefni eldri borgara
Harpa Guðný Hafberg, fjölskylduráði
Ólafur Proppé, nefnd um málefni eldri borgara
Sturla Þorsteinsson, formaður fjölskylduráðs

Hópurinn byggði stefnuna m.a. á niðurstöðum *Framtíðarþings um farsæl efri ár í Garðabæ*, sem haldið var 8. apríl 2014, horft var til hugmynda- og aðferðafræði
Aþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um *aldursvænar borgir* auk þess sem leitað var til fulltrúa í nefnd um málefni eldri borgara í Garðabæ, fulltrúa Félags eldri borgara í Garðabæ og Félags eldri borgara á Álftanesi sem og sérfræðinga í öldrunar og heimaþjónustu Garðabæjar.

Lagt er til að stefna í málefnum eldri borgara gildi árin 2016 – 2026 og að unnin verði aðgerðaáætlun til 1-3 ára í senn á tímabilinu ásamt kostnaðaráætlun þar sem skilgreindir verða ábyrgðaraðilar á verkefnum. Aðgerðaáætlun taki mið af stefnunni og fjárveitingum til málaflokksins á hverjum tíma. Við gerð aðgerðaáætlunar verður m.a. stuðst við niðurstöður Framtíðarþings um farsæl efri ár í Garðabæ sem og þarfir í málaflokknum á hverjum tíma. Jafnframt er lagt til að stefnan verði endurskoðuð eftir þörfum enda er málaflokkur eldri borgara í mikilli þróun.

Hópurinn leggur til að stefnan verði prófarkalesin og gefin út á vef Garðabæjar sem og í aðgengilegu formi á pappír þar sem lögð verður áhersla á skýra uppsetningu m.t.t. þarfa eldri borgara.

Virðingarfyllst;

Ingibjörg Valgeirsdóttir
Framkvæmdastjóri öldrunar- og heimaþjónustu Garðabæjar